

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um hindranir fjölmiðla á Keflavíkurflugvelli.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvert er mat ráðherra á þeirri atburðarás sem átti sér stað aðfaranótt 3. nóvember 2022 á Keflavíkurflugvelli þegar flóðlýsingu var beint að fjölmiðlum til að hindra störf þeirra, með tilliti til alþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að sem og íslenskra laga?
2. Brást ráðuneytið við ofangreindum atvikum á einhvern hátt? Ef svo er, hvernig? Ef ekki, af hverju ekki? Vísast hér til þess að menningar- og viðskiptaráðherra metur það svo að beina skuli þessari fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðherra í svari á þskj. 1246 á yfirstandandi þingi.

Skriflegt svar óskast.